

Stafræn stefna landskjörstjórnar

TILGANGUR OG MARKMIÐ

Stafræn stefna landskjörstjórnar miðar að því að styrkja kosningaframkvæmd á Íslandi með öruggri, gagnsærri og notendavænni nýtingu stafrænnar tækni.

Markmið landskjörstjórnar í stafrænni þróun er að bæta þjónustu, auka skilvirkni og tryggja öryggi gagna í þágu lýðræðis.

Við innleiðingu stafrænna lausna skal ávallt horft til öryggis, notendaupplifunar og rekjanleika. Lausnir skulu styðja við einfaldari framkvæmd, bætt upplýsingaflæði og aukið traust á kosningaferlinu.

ÁHERSLUR

Í starfsemi landskjörstjórnar er áhersla lögð á eftirtalda þætti til að ná markmiðum stefnunnar:

Öryggi og rekjanleiki við framkvæmd kosninga

- Rafræn skráning dregur úr villuhættu og er til þess fallin að tryggja örugga meðferð gagna.
- Öll gögn eru vistuð í öruggum gagnakerfum með aðgangsstýringum.
- Rauntímaupplýsingar gera framkvæmdaaðilum kleift að bregðast hratt við frávikum eða ógnum.

Skilvirkni og einfaldara verklag

- Upplýsingar berast í rauntíma til viðeigandi aðila og bæta ákvarðanatöku.
- Gögn eru aðeins skráð einu sinni í kerfi sem dregur úr tvíverknaði.
- Lögð er áhersla á notendavænar lausnir og jákvæða upplifun notenda.

Samræmi í upplýsingagjöf og framkvæmd

- Framboð, frambjóðendur og framkvæmdaaðilar skrá upplýsingar á samræmdan hátt.
- Samræmt verklag eykur skilvirkni og stuðlar að jafnræði kjósenda.
- Allir kjósendur hafa aðgang að sömu upplýsingum, óháð aðstæðum.

Gagnsæi og traust

- Aðgerðir í kerfum eru skjalfestar og rekjanlegar.
- Skýr og aðgengileg gögn auka traust almennings og framkvæmdaaðila.

ÁBYRGÐ OG EFTIRFYLGNI

Stefna þessi skal endurskoðuð að lágmarki á tveggja ára fresti með tilliti til þróunar í tækni og framkvæmd kosninga. Innleiðing fer fram í áföngum með áherslu á notendamiðaða hönnun, öruggar lausnir, skýra og skilvirka verkferla og reglulegt endurmat og umbætur. Framkvæmdastjóri landskjörstjórnar ber ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt í starfseminni. Stefnan skal birt á vef landskjörstjórnar.